

17. gr.

92

14. maí

Upphaf 61. gr. laganna orðist svo:

a. Sveitar- og bæjarstjórnir skulu fyrir 1. febrúar (í Reykjavík fyrir 15. maí) ár hvert gera skrá í tveim eintökum yfir alla þá o. s. frv.

b. 2. málsl. 2. málsgr. sömu lagagr. orðist svo:

Annað eintak gjaldskrárinnar sendist síðan lögreglustjóra (í Reykjavík tollstjóra), sem annast innheimtuna, hitt eintakið Tryggingarstofnun ríkisins.

18. gr.

2. másl. 1. málsgr. 62. gr. laganna orðist svo: Embættismenn og barnakennarar greiða framvegis iðgjöld í sjóði þessa eftir sömu reglum og áður, enda eru þeir og konur þeirra ekki tryggingarskyld samkvæmt ákvæðum þessara laga um elli- og örorkulífeyri.

19. gr.

Aftan við 80. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra getur með reglugerð ákveðið nánar um tilhögun úthlutunar ellilauna og örorkubóta.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Stefán Jóh. Stefánsson.

L Ö G

93

14. maí

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu
h/f Eimskipafélags Íslands.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og vér staðfest þau:

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1941 og 1942.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.

Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Jakob Möller.